


ÁFANGASKÝRSLA

um stofnun nýs íþróttafélags í Suðurnesjabæ



Stýrihópur um stofnun nýs íþróttafélags
Suðurnesjabæ

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Framtíðarsýn íþróttamála í Suðurnesjabæ	3
Skilgreining framtíðarsýnar	3
Stýrihópur	4
Íbúafundur	4
Hlutverk Suðurnesjabæjar í stofnun nýs íþróttafélags	5
Markmið og tilgangur með stofnun nýs íþróttafélags	5
Drög að samningi.....	6
Skipulag nýs íþróttafélags	7
Nýtt félag – Hjarta samfélagsins	8
Varðveisla sögunnar.....	9
Tímalína fram að stofnun.....	10
Niðurstöður	11

Inngangur

Íþróttafélög gegna mjög mikilvægu og fjölbreyttu hlutverki innan samfélaga. Þau stuðla að betri líkamlegri og andlegri heilsu með því að hvetja fólk til reglulegrar hreyfingar og heilbrigðs lífsstíls. Í gegnum íþróttastarfsemi styrkja félögin félagslega samveru, efla vinatengsl og byggja upp öflugan samfélagsanda. Þá gegna þau einnig veigamiklu uppeldishlutverki, sérstaklega gagnvart börnum og ungmennum. Þau kenna gildi eins og samvinnu, virðingu, heiðarleika, ábyrgð og sjálfsaga. Með því að bjóða skipulagða og uppbyggilega tómstundastarfsemi draga þau úr áhættuhegðun og stuðla að forvörnum gegn vímuefnaneyslu og öðrum neikvæðum þáttum.

Íþróttafélög eru einnig mikilvæg fyrir menningu og sjálfsmynd samfélaga. Þau vekja stolt meðal íbúa, sérstaklega þegar lið eða íþróttafólk þeirra nær árangri innan lands eða á alþjóðavettvangi. Í þessum efnum gegna félögin mikilvægu hlutverki í að viðhalda jákvæðari ímynd og samkennd innan samfélagsins. Þá má ekki vanmeta efnahagsleg áhrif. Þau skapa störf, ýta undir sjálfboðastarfsemi og geta laðað að sér fjölda gesta á mótum og viðburðum, sem styrkir atvinnulífið í nærsamfélaginu. Þá stuðla félögin að aukinni jákvæðri umfjöllun um svæðið sem þau starfa á og styrkja þannig ímynd þess.

Að lokum stuðla góð íþróttafélög að jafnrétti með því að tryggja að sem flestir hafi aðgengi að íþróttastarfi, óháð aldri, kyni, uppruna, getu eða fötlun. Með þessum hætti verða íþróttafélög vettvangur fyrir fjölbreytileika, jöfnuð og félagslega þátttöku fyrir .

Til þess að mæta fjölbreyttari þörfum íbúa Suðurnesjabæjar, efla íþróttastarf og bæta aðstöðu fyrir íþróttaiðkun, er lagt til að stofnað verði nýtt íþróttafélag í sveitarfélaginu sem byggir á þeim sterka grunni sem íþróttafélögin Víðir og Reynir hafa byggt upp.

Suðurnesjabær hefur að leiðarljósi að vinna að öflugu íþróttastarfi í samvinnu íþróttafélaga og annarra hagsmunaaðila í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið er aðili að heilsueflandi samfélagi og hefur heilsu og líðan íbúa í fyrirrúmi í stefnumótun og öllum aðgerðum. Stefnt er að því að bjóða upp á fjölbreytt tækifæri og góða umgjörð til íþróttaiðkunar. Þannig bjóðist íbúum að stunda heilbrigða hreyfingu og hafa aðstöðu til þess að kynnst íþróttagreinum og iðka þær. Mæta verður þörfum bæði afreksfólks og þeirra sem iðka íþróttir til eigin heilsueflingar og ánægju. Suðurnesjabær vill leggja sérstaka áherslu á að stuðla að aukinni iðkun barna og ungmenna í íþróttum og tekur undir forvarnargildi íþróttaiðkunar til bættrar lýðheilsu.

Í því hraða samfélagi sem við búum í eru síauknar kröfur frá íbúum um þjónustu og mikilvægt er að Suðurnesjabær dragist ekki aftur úr þegar kemur að þjónustu við fjölskyldur sveitarfélagsins. Nálægðin við Reykjanesbæ gerir það að verkum að mikið af þjónustu við íbúa fer fram þar en ef fjölskyldur þurfa í síauknum mæli að leita til Reykjanesbæjar á dagvinnutíma, þegar íþrótt og tómstundaiðkun fer að mestu leiti fram skapar það hættu á fólksflutningi frá sveitarfélaginu.

Með sameiningu krafta undir einu öflugu félagi skapast tækifæri til auka úrval íþróttagreina sem hægt er að bjóða upp á og bæta umgjörð og þjónustu við íbúa. Með þessu getur Suðurnesjabær orðið að fyrirmyndar íþróttasamfélagi. Markmiðið er að styrkja íþróttastarf fyrir börn, ungmennti og fullorðna og styðja þannig við lýðheilsu, forvarnir og samheldni samfélagsins.

Framtíðarsýn íþróttamála í Suðurnesjabæ

Skilgreining framtíðarsýnar

Árið 2023 var ráðist mikla vinnu við að skilgreina framtíðarsýn íþróttamála í Suðurnesjabæ. Framtíðarsýnin var unnin í samráði við fjölbreyttan hóp íbúa, íþróttafélaga, skóla og annarra hagsmunaaðila. Niðurstaða þessarar vinnu voru fjögur meginmarkmið með undirmarkmiðum:

1. Að allir hafi tækifæri til að þroskast og eflast með hreyfingu og þátttöku í íþróttum

- Að auka fræðslu um gildi íþróttaiðkunar.
- Að auka samstarf milli aðila sem koma að skipulagningu, uppbyggingu og framboði íþróttar.
- Að styðja við barnafjölskyldur í formi frístundastyrkja.
- Að auka valmöguleika barna og ungmenna í íþróttum.
- Að stuðla að þátttöku barna og ungmenna í íþróttastarfi með skipulögðum frístunda samgöngum.
- Að stuðla að jafnrétti og jöfnum tækifærum.
- Að taka tillit til fjölbreytni, fötlunar og raskana.
- Að þátttaka í íþróttum sé aðgengileg og fyrir alla.

2. Að bjóða nemendum grunn- og framhaldsskóla tækifæri til að tengja saman ástundun íþróttar og náms.

- Að samþætting íþróttaiðkunar og skólastarfs verði skoðuð með tilliti til bæði yngri og eldri barna.
- Að kynna og bjóða upp á námskeið í þjálfun og ýta undir áhuga með samþættingu íþróttar og skóla.

3. Að uppbygging íþróttamannvirkja, aðstöðu og umhverfis byggist á þörfum íbúa

- Að efla samvinnu og samráð um uppbyggingu, viðhald og þróun íþróttamannvirkja til þess að auka þátttöku íbúa.
- Að styðja við hagkvæman rekstur og starf íþróttafélaga með öflugum samstarfi/sameiningu.
- Að gerð verði viðhaldsáætlun á þeim mannvirkjum sem fyrir eru og áætlun lögð fram um endurbætur, unnið verði í samstarfi við íþróttafélög og önnur hagsmunafélög.
- Að framboð íþróttagreina verði aukið. Áhersla verði lögð á bæði aðstöðu fyrir keppnisgreinar og eins aðstöðu til annarrar og almennari iðkunar.

4. Að stuðla að öflugum mannauði og hvetja fólk til að taka þátt í verkefnum og starfi íþróttafélaga.

- Að byggja upp mannauð í þau fjölmörgu störf sem vinna þarf í íþróttamálum, stundum sjálfboðavinna. Hvetja þarf fólk til að taka að sér þessi störf og styðja við framlag þeirra.
- Að kynningarefni um starfsemi íþróttafélaga verði aðgengilegt á fleiri tungumálum og þannig stuðlað að aukinni þátttöku allra íbúa.
- Að efla fræðslu til iðkenda og starfsfólks íþróttafélaga (launaðra og ólaunaðra) um einelti, kynferðislegt ofbeldi og aðra óæskilega hegðun í samræmi við opinbera stefnumótun (sbr. þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025).

Stýrihópur

29. október 2024 var undirrituð viljayfirlýsing um stofnun nýs íþróttafélags í Suðurnesjabæ, sem markar tímamót og nýtt upphaf í íþróttamálum sveitarfélagsins. Viljayfirlýsingin, sem er afrakstur samráðs knattspyrnufélaganna Reynis og Víðis ásamt Suðurnesjabæ og upphafið að metnaðarfullu framtaki sem miðar að því að sameina krafta og efla íþróttastarfsemi Suðurnesjabæjar til framtíðar.

Með stofnun þessa nýja félags er ætlunin að auka fagmennsku og gæði íþróttastarfsins og stuðla að fjölbreyttari íþróttagreinum fyrir íbúa bæjarins. Stefnt er að því að nýja félagið verði vettvangur fyrir íþróttaiðkun fólks á öllum aldri og úr öllum hópum samfélagsins. Það er von Suðurnesjabæjar að tilkoma þessa nýja félags verði til þess að styrkja tengsl innan samfélagsins, efla þátttöku og aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Í kjölfarið var Stýrihópur skipaður til að fylgja verkefninu eftir, með það að markmiði að útfæra stefnu og skipulag nýja félagsins. Hans hlutverk var að hafa víðtækt samráð við íbúa Suðurnesjabæjar og aðra hagaðila til að tryggja farsæla uppbyggingu félagsins.

Í stýrihópnum sátu íþrótt- og tómstundafulltrúi Suðurnesjabæjar, einn kjörinn fulltrúi fyrir hönd Suðurnesjabæjar tveir fulltrúar frá Reyni og tveir fulltrúar frá Víði. Stýrihópurinn fundaði vikulega fram í mars og drógu að hlutaðeigandi aðila eftir þörfum, t.a.m. stjórnir Reynis og Víðis ásamt því að halda stóran íbúafund.

Íbúafundur

Í upphafi árs 2025 var haldinn íbúafundur þar sem íbúar sveitarfélagsins fengu tækifæri til að taka þátt í skipulögðum umræðum um framtíðarsýnina fá fram skoðanir þeirra á kostum og göllum þess að stofna nýtt íþróttafélag.

Þau sjónarmið um kröfur íbúa til þjónustu sem oftast voru nefnd voru eftirfarandi:

1. Fjölbreytt íþróttastarf
2. Samstaða í sveitarfélaginu (myndi skapast með einu félagi)
3. Góð aðstaða
4. Aukin þátttaka
5. Að halda tveimur félögum en auka samstarf milli félaganna og annarra félaga.

Annað sem var nefnt vöru kröfur um góðar samgöngur, góðan rekstur og fjármál, afreksstarf og árangur, eitt gjald fyrir alla og jafnrétti.

Þá voru rædd bæði kostir við núverandi fyrirkomulag og tækifæri við stofnun nýs félags.

Hvað varðar tækifæri við stofnun eins félags voru eftirfarandi atriði oftast nefnd

- Rekstur og fjármál
- Samstaða
- Faglegt starf
- Mannauður
- Fjölbreytni

Önnur atriði sem nefnd voru eru, aukin þátttaka, aðstaða, afreksstarf og árangur

Hvað varðar kosti við óbreytt fyrirkomulag voru eftirfarandi atriði oftast nefnd

- Hjartað
- Sagan og hefðir
- Rekstur fjármál og mannauður
- Aðstaða

Önnur atriði sem nefnd voru voru að starfið væri gott í dag, meira pláss í tveimur félögum og samskipti og samstaða betri

Ljóst er að saga félaganna er fólki ofarlega í huga og margir eiga erfitt með að sjá fyrir sér lífið án íþróttafélagsins sem það hefur stutt frá barnæsku og mikilvægt er fyrir íbúa að þessi saga sé sögð og geymd fyrir komandi kynslóðir. Hins vegar hafa breytingar á íþróttafélögum annars staðar sýnt að hjartað er fljótt að koma og voru þátttakendur íbúafundarins með margar hugmyndir um hvernig væri hægt að byggja upp hjarta í nýju félagi og varðveita söguna.

Hlutverk Suðurnesjabæjar í stofnun nýs íþróttafélags

Nýtt íþróttafélag verður leiðandi afl svo hægt sé að ná þessari framtíðarsýn. Með einu öflugu íþróttafélagi sem starfar í öllu sveitarfélaginu getum við boðið íbúum upp á mun fjölbreyttari tækifæri til íþróttaiðkunar. Hvort sem um er að ræða börn, ungmenni eða fullorðna mun eitt íþróttafélag standa styrkari fótum og hægt verður að nýta og dreifa fjármagni á skilvirkari hátt. Þetta gerir það að verkum að hægt verður að bjóða upp á fleiri íþróttagreinar, nýta betur íþróttamannvirki sem leiðir til betri þjónustu við íbúa. Félagið verður byggt upp sem öflugt og sjálfbært félag með sameiginlega stjórn sem tryggir faglega umgjörð og stefnumótun og miðað við íbúafjölda í sveitarfélaginu á það að geta boðið upp á samkeppnishæft umhverfi og náð árangri á landsvísu.

Stofnun nýs félags mun gera Suðurnesjabæ kleift að bjóða upp á:

- Sterkara íþróttastarf í sveitarfélaginu með betri þjálfun og markvissari aðferðum.
- Betri þjónustu við fleiri íbúa innan sveitarfélagsins
- Fjölgun iðkenda í skipulögðum íþróttum með fjölbreyttari íþróttagreinum og betra aðgengi.
- Bætt aðstöðu og íþróttamannvirki, sem styðja við framþróun íþróttastarfs.
- Samstarf við grunnskóla og framhaldsskóla til að tengja íþróttir betur við skólastarf.
- Jöfn tækifæri fyrir öll, óháð aldri, kyni eða félagslegri stöðu.

Til að ná þessu mun félagið starfa með Suðurnesjabæ, íþróttasamböndum og fyrirtækjum sem vilja styðja uppbyggingu öflugs íþróttasamfélags.

Markmið og tilgangur með stofnun nýs íþróttafélags

Tilgangurinn með stofnun nýs íþróttafélags í Suðurnesjabæ er að byggja upp öflugt, fjölbreytt og sjálfbært íþróttastarf fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. Með því að sameina krafta þeirra sterku félaga sem fyrir eru, Víðis og Reynis, skapast ný tækifæri til að efla íþróttastarf á öllum sviðum. Nýtt íþróttafélag mun styðja við heilsuefningu, félagslega þátttöku, forvarnir og samheldni samfélagsins á Suðurnesjum.

Helstu markmið með stofnun nýs íþróttafélags eru:

- Að bjóða upp á fjölbreytt íþróttastarf fyrir alla aldurshópa, með áherslu á bæði afreksíþróttir og almenningssíþróttir.
- Að efla og bæta faglegt starf, meðal annars með því að samræma þjálfunaraðferðir, nýta mannauð betur og byggja upp öflugra stjórn og starfsemi.
- Að tryggja jafnt aðgengi allra íbúa að íþróttastarfi, óháð aldri, kyni, getu eða félagslegum bakgrunni, og styðja við þátttöku allra með markvissum hætti.
- Að auka tækifæri barna og ungmenna til að stunda íþróttir, meðal annars með fjölbreyttara framboði íþróttagreina, bættri aðstöðu og stuðningi við foreldra með frístundastyrkjum.
- Að styrkja lýðheilsu og forvarnir í sveitarfélaginu, með því að hvetja til hreyfingar og reglulegrar þátttöku í íþróttum.
- Að nýta fjármagn og mannvirki á skilvirkan hátt, með því að sameina rekstur, bæta nýtingu aðstöðu og skapa hagkvæmara og öflugra rekstrarumhverfi.
- Að varðveita sögu, hefðir og sjálfsmynd félaganna, með því að viðurkenna og heiðra arfleifð Víðis og Reynis í starfi nýja félagsins.
- Að byggja upp samfélagssátt og samstöðu í Suðurnesjabæ, með því að starfa undir einni sameiginlegri heild sem vinnur að sameiginlegum markmiðum fyrir alla íbúa.

Með því að stofna nýtt íþróttafélag mun Suðurnesjabær styrkja íþróttalíf bæjarins og skapa sterkan grunn fyrir framtíðina þar sem heilsuefling, árangur og félagsleg samheldni haldast í hendur.

Drög að samningi

Í framhaldi af vinnu stýrihóps voru unnin drög að samningi um stofnun nýs félags við Suðurnesjabæ. Samningin er hægt að skoða en hér verða dregin fram nokkur mikilvæg atriði

Framkvæmdastjóri

Suðurnesjabær veitir nýju íþróttafélagi styrk vegna starfs framkvæmdastjóra félagsins. Styrknum ár hvert er deilt niður á 12 mánuði og er greiddur mánaðarlega í þá mánuði sem framkvæmdastjóri er starfandi. Árið 2025 deilist styrkur vegna framkvæmdastjóra á 6 mánuði, frá og með júní að telja.

Frístundaakstur

Frístundaakstur verður tryggður á milli byggðarkjarna fyrir börn og ungmenni í Suðurnesjabæ.

Uppbygging íþróttamannvirkja

Sveitarfélagið stefnir að því að styðja við áframhaldandi uppbyggingu á íþróttamannvirkjum og bættu aðstöðu til íþróttar og tómstundastarfs í bæjarfélaginu, með hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi – með áherslu á börn og ungmenni.

Í samráði við nýtt íþróttafélag mun Suðurnesjabær eiga í virku samtali um framtíðarsýn og uppbyggingu á aðstöðu, þar sem áhersla er lögð á gagnkvæman skilning, samstarf og samstöðu um raunhæfa og metnaðarfulla uppbyggingu til framtíðar.

Með þessu vill sveitarfélagið tryggja að aðstaðan endurspegli þarfir, styðji við afreksíþróttir jafnt sem almenningssíþróttir og efli samfélagslega þátttöku og vellíðan allra bæjarbúa.

Barna og unglingastarf

Rík áhersla verður lögð á uppbyggingu barna og unglingastarfs og þjónustu við fjölskyldur í sveitarfélaginu í nýjum samningi.

Gæðastarf

Íþróttafélagið skal starfa í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga og hafa áætlun í fræðslu- og forvarnarmálum. Einnig skal félagið starfa í samræmi við framtíðarsýn íþróttamála og mennta- og tómstundastefnu Suðurnesjabæjar og fyrirmyndarfélaga ÍSÍ.

Íþrótt- og tómstundafulltrúa hjá Suðurnesjabæ fylgist með að farið sé eftir gæðaviðmiðum.

Skyldur félagsins

Skilyrði fyrir greiðslum er að nýtt félag hafi staðið skil á ársreikningi og ársskýrslu til Suðurnesjabæjar í samræmi við samning þennan. Í síðasta lagi í 1. júní ár hvert skal nýja félagið skila ársreikningi og ársskýrslu síðasta starfsárs um starfsemi félagsins til íþrótt- og tómstundafulltrúa og sviðsstjóra stjórnsýslu og fjármálasviðs og sem eru eftirlitsaðilar með samningi þessum af hálfu Suðurnesjabæjar. Í ársskýrslunni skal tilgreint hvernig framlagi samningsins var varið. Bókhald barna- og unglingastarfs og meistara- og eldri flokka skal vera aðskilið.

Skipulag nýs íþróttafélags

Félagið verður deildarskipt með sameiginlega aðalstjórn. Í dag eru starfandi eftirfarandi deildir:

- **Knattspyrnudeild**
- **Handknattleiksdeild**
- **Körfuknattleiksdeild**


Auk þess myndi nýtt félag standa opið öllum þeim sem hafa hug á að stofna aðrar deildir eftir áhuga innan sveitarfélagsins. t.a.m.

- **Almenningsíþróttadeild** (hlaup, þrek, hjólréiðar o.fl.)
- **Rafíþróttadeild**
- **Judodeild**
- **Sunddeild**

Stjórnskipulag félagsins:

- **Aðalstjórn** – Æðsta stjórn félagsins kjörin á aðalfundi. Aðalstjórn sér um ráðningu framkvæmdstjóra og tekur helstu ákvarðanir um starf og stefnu félagsins í heild.
- **Framkvæmdastjóri** – Stýrir daglegum rekstri og stefnumótun í samstarfi við aðalstjórn. Auk þess sem að starfa með og stjórnnum og starfsfólki deilda og sjá um samhæfingu starfs milli deildanna eftir þörfum.
- **Stjórnir deilda** – Sjá um daglega stjórnun einstakra íþróttadeilda og ráðningar rekstrarstjóra og eða þjálfara eftir umfangi deildarinnar.
- **Barna- og unglingaráð** – Vinna að málefnum yngri iðkenda og eflingu barnaíþróttar.
- **Starfsfólk** - Starfsfólk og þjálfarar er ráðið inn í deildir af framkvæmdastjóra í samráði við stjórn deilda eftir umfangi deildanna.

MYND AF SKIPURITI



Nýtt félag – Hjarta samfélagsins

Eitt af þeim atriðum sem mikið var rætt á íbúafundinum var mikilvægi hjartans í íþróttafélögunum og þrátt fyrir að reynslan annars staðar frá sýni okkur að hjartað kemur með iðkendunum er hægt að gera ýmislegt til styðja við uppbyggingu á félagsandanum í kringum nýtt félag. Þau atriði sem oftast voru nefnd á íbúafundinum voru

- Fjölbreyttir viðburðir, samkomur og auglýsingar.
- Jákvætt umtal og viðhorf
- Öflugt sjálfbóðaliðastarf og óháður framkvæmdastjóri
- Samstaða
- Aðstaða

Auk þessara atriða er mikilvægt að nafn, litir, búningur og merki endurspegli bæði sögu svæðisins og framtíðarsýn félagsins. Til að tryggja víðtæka þátttöku, gagnsæi og sátt um niðurstöður er lagt til eftirfarandi ákvörðunarferli:

1. Hugmyndasöfnun

Opnað verður fyrir innsendingu hugmynda frá íbúum, iðkendum, sjálfbóðaliðum og öðrum hagsmunaaðilum um nafn, litaval, búningahönnun og merki félagsins. Þátttakendur verða hvattir til að útskýra hugsun sína og tengingu á innsendum tillögum við samfélagið.

2. Val á tillögum

Skipað verður verkefnateymi, samsett úr fulltrúum íþróttafélaganna, sveitarfélagsins, iðkenda og foreldra, sem velur 3–5 bestu tillögurnar fyrir hvert atriði.

3. Atkvæðagreiðsla

Lokaúrvalið verður kynnt opinberlega og haldin verður rafræn og/eða staðbundin atkvæðagreiðsla meðal íbúa og félagsmanna þar sem kosið verður um sigurtillögu í hverjum flokki.

4. Staðfesting

Niðurstöður kosningar verða staðfestar formlega á stofnfundinum eða af stjórn nýja félagsins, og tilkynntar með opinberum hætti.

5. Innleiðing og kynning

Ef nauðsyn krefur verður faglegur hönnuður fenginn til að fínþússa merki, litastefnu og búningahönnun byggð á völdum tillögum. Nýtt nafn, litir, búningur og merki verða síðan kynnt við sérstaka athöfn til að marka upphaf nýrrar vegferðar.

Við ákvörðun á þessum þáttum verður sérstaklega litið til þess að varðveita minningu, sögu og hefðir Víðis og Reynis og sveitarfélagsins í heild, svo arfleifð félaganna lifi áfram í nýju félagi og sé samþættuð samfélaginu. Með þessu ferli verður stuðlað að því að byggja upp nýtt og sterkt sameiginlegt hjarta fyrir íþróttastarf í Suðurnesjabæ.

Varðveisla sögunnar

Við stofnun nýs íþróttafélags er mikilvægt að tryggja að saga og arfleifð Víðis og Reynis glatist ekki. Saga félaganna hefur verið mikilvægur þáttur í samfélagsvitund íbúa og ber að varðveita hana með virðingu og metnaði. Á íbúafundi komu fram fjölmargar hugmyndir um hvernig hægt væri að halda sögunni á lofti og gera hana sýnilega fyrir komandi kynslóðir. Helstu tillögur eru eftirfarandi:

Munir, myndir og gögn

Varðveita skal myndir, muni og skjöl sem tengjast félögunum, þar á meðal fundargerðir, búninga og önnur söguleg gögn. Byggðasafn Suðurnesjabæjar gæti gegnt lykilhlutverki við að safna og varðveita þessi gögn og gera þau aðgengileg almenningi, m.a. í gegnum sýningar í félagsheimilum, íþróttamannvirkjum og á netinu. Setja mætti upp glerskápa með sögulegu efni í nýju félagsheimili og skipuleggja sérstakar sögusýningar. Einnig er lagt til að skoðað verði hvernig önnur íþróttafélög hafa farið að við varðveislu sinnar sögu og læra af þeim dæmum.

Útgáfa

Skoða ætti möguleikann á að gefa út bók, blað eða heimildarmynd sem fjallar um sögu Víðis og Reynis. Setja mætti einnig upp sérstakan vef sem miðlar sögunni á lifandi hátt. Áhugavert væri að framleiða hlaðvarp þar sem gamlar sögur og minningar eru rifjaðar upp. Stofna mætti vinnuhóp sem heldur utan um verkefnið og skipuleggur myndakvöld, sögukvöld og annað efni til að miðla sögu félaganna á fjölbreyttan hátt.

Hefðir

Lagt er til að viðhalda þeim hefðum sem félögin hafa byggt upp í gegnum árin, svo sem þorrablotum, Norðurbær/Suðurbær viðburðum og öðrum félagsviðburðum. Einnig væri hægt að halda sérstaka daga, eins og „Víðisdaginn“ og „Reynisdaginn“, til heiðurs gömlu félögunum. Hægt væri að viðhalda nöfnum gömlu félagsheimilanna, þ.e. Víðisheimilið og Reynisheimilið, til að tryggja áframhaldandi tengingu við söguna. Auk þess væri hægt að halda sérstök heiðursmót eða fjáröflunarviðburði tileinkaða félögunum.

Umtal

Áhersla skal lögð á að fræða nýja iðkendur og yngri kynslóðir um sögu félaganna, með því að segja sögur, halda við minningar og gera þá sögu sýnilega í daglegu starfi nýja félagsins. Saga Víðis og Reynis verður þannig hluti af nýju upphafi.


Minnismerki

Setja mætti upp minnismerki, minnisplatta eða stytur sem heiðra félögin og afrek þeirra. Slík minnismerki gætu verið staðsett á áberandi stöðum eins og við félagsheimili eða íþróttasvæði sveitarfélagsins.

Hollvinafélag

Einnig kom fram hugmynd um að breyta núverandi félögum í hollvinafélög eða stofna sérstök hollvinafélög sem myndu styðja við varðveislu minningar og sögu Víðis og Reynis til framtíðar.

Tímalína fram að stofnun



maí-júní 2025

- Kynna niðurstöður skýrslu og framtíðarsýn opinberlega fyrir íbúum og hagsmunaaðilum.
- Tillaga um stofnun nýs ípróttafélags tekin fyrir á aðalfundum knattspyrnufélaganna.
- Stofna vinnuhópa um lykilatriði:
 - Nafn, liti, búning og merki
 - Sögu og varðveislu
 - Skipulag nýs félags (stjórn, aðild, deildir og lög)

júní-ágúst 2025

- Safna tillögum frá íbúum um nafn, liti, búning og merki (hugmyndasöfnun).
- Safna saman munum, myndum og gögnum úr sögu félaganna.
- Koma á samstarfi við Byggðasafn um varðveislu og sýningu söguefnis.
- Skipuleggja útgáfuáætlanir (t.d. bók, heimildarmynd, hlaðvarp, vefur).
- Ráðning á framkvæmdastjóra sem stýrir vinnunni um stofnun nýs félags.

júlí-ágúst 2025

- Verkefnateymi velur lokaúrval nafns, lita, búninga og merkis.
- Kynna lokaúrval og opna atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna og íbúa.
- Undirbúa formleg drög að lögum og skipulagi nýs félags.

ágúst-september 2025

- Taka saman niðurstöður atkvæðagreiðslu og staðfesta nafn, liti, búning og merki.
- Kynna valin einkenni nýs félags opinberlega.
- Undirbúa stofnfund:
 - Skráningu félaga

- Kynningu á samþykktum
- Framboð til stjórnar og nefnda
- Halda áfram með safn sögu- og minjagripa og undirbúa sýningu.
- Ljúka undirbúningi við samræmingu á bókhaldi og félagatali ef þörf er á.

október 2025

- Stofnfundur nýs félags:
 - Formleg stofnun og samþykkt samþykkt.
 - Kosning stjórnar.
 - Kynning á nafni, litum, búningi og merki.
 - Opinber undirritun stofnfundargagna.
 - Kynning á framtíðarsýn og fyrstu verkefnum.
- Halda upp á stofnunina með viðburði (hátíðardagur, fjölskyldudagur o.s.frv.)

Niðurstöður

Íþróttir gegna mikilvægu hlutverki í lífi einstaklinga og samfélaga. Það er sérstaklega mikilvægt að börn, allt frá leikskólaaldri, hafi greiðan aðgang að hreyfiúrræðum og íþróttaiðkun sem stuðlar að aukinni hreyfifærni, þroska og heilbrigði. Með snemmtækri íhlutun, sýnileika íþróttar í nærumhverfi og góðri aðstöðu skapast kjöraðstæður fyrir börn og ungmenni til að mynda tengsl og ástríðu fyrir íþróttum – ástríðu sem getur fylgt þeim í gegnum allt lífið og lagt grunn að heilbrigðri sál í hraustum líkama.

Tækifæri liggja fyrir Suðurnesjabæ til að efla og fjölga íþróttagreinum, þannig að sveitarfélagið geti ekki aðeins mætt þörfum sinna íbúa heldur einnig boðið upp á þjónustu fyrir íbúa annarra sveitarfélaga á Suðurnesjum. Með því að tryggja öfluga íþróttastarfsemi í nærumhverfi allra íbúa er lagður grunnur að öflugra samfélagi þar sem allir, óháð fjárhag eða félagslegum bakgrunni, hafa tækifæri til þátttöku.

Ef litið er til þeirra sóknarfæra sem sameining Víðis og Reynis getur skapað, og þeirra skýru skilaboða sem bárust frá íbúum í gegnum vinnu að framtíðarsýn íþróttamála og íbúafundar, þá felast mikil tækifæri í stofnun nýs, sameinaðs íþróttafélags. Slíkt félag myndi ekki aðeins sameina næstu kynslóð heldur einnig leggja grunn að áframhaldandi þróun íþróttastarfs til framtíðar.

Það er mikilvægt að halda merki og fánum rótgrónu íþróttafélaganna hátt á lofti, varðveita sögu þeirra og gera hana sýnilega í samfélaginu. Með því er heiðrað það framlag sem félögin hafa veitt samfélaginu í gegnum tíðina og þannig tryggt að sagan lifi áfram með nýjum kynslóðum. Þetta er tækifæri til að nýta það besta úr fortíðinni til að byggja enn betra samfélag í framtíðinni.